



## Fundur í sveitarstjórn

**80. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri Þórshöfn, þriðjudaginn 17. apríl 2018 og hófst kl. 17:00.**

**Mætt voru:** Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Vilberg Þórisson, Reynir Atli Jónsson, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson sveitarstjóri og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Að því loknu var gengið til dagskrár.

### Dagskrá

- 1) Fundargerð 9. fundar velferðarnefndar dags. 13. apríl 2018
  - a) Liður 1. Heilsueflandi sveitarfélag
- 2) Fundargerð 33. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 16. apríl 2018.
  - a) Liður 1. Austurvegur 12, umsókn um leyfi til stækkunar húss
- 3) Fundargerð 16. fundar hafnarnefndar, dags. 16. apríl 2018
  - a) Liður 1. Eyrarvegur 16 – umsókn um viðbyggingu við vesturhlið
- 4) Samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2019-2023
- 5) Ársreikningar 2017 – fyrri umræða
- 6) Skýrsla sveitarstjóra

### Fundargerð

#### **1. Fundargerð 9. fundar velferðarnefndar dags. 13. apríl 2018**

Fundargerðin lögð fram.

*Liður 1. Heilsueflandi sveitarfélag.*

**Samþykkt um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar.

Samþykkt samhljóða.

#### **2. Fundargerð 33. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 16. apríl 2018.**

Fundargerðin lögð fram.



Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir lýsti sig vanhæfa þar sem um hennar eigið hús er að ræða. Samþykkt.

Liður 1. Austurvegur 12, umsókn um leyfi til stækkunar húss.

Fram er lögð umsókn ásamt gögnum er varða viðbyggingu (bílskúr, herbergi og geymsla) við Austurveg 12 á Þórshöfn. Nefndin lagði til að fram færi grenndarkynning á fyrirhuguðum breytingum: Grennd er skilgreind: Austurvegur 10 og 14, Miðholt 5 –7 og 9 – 13.

Til máls tók Siggeir Stefánsson.

**Samþykkt um afgreiðslu:** Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Samþykkt samhljóða.

Halldóra tók sæti að nýju á fundinum.

### 3. Fundargerð 16. fundar hafnarnefndar, dags.16. apríl 2018

Fundargerðin lögð fram.

Siggeir Stefánsson lýsti sig vanhæfan við afgreiðslu þessa máls. Samþykkt samhljóða.

Liður 1. Eyrarvegur 16 – umsókn um viðbyggingu við vesturhlið

Lögð fram umsókn frá Faglausnum ehf. fyrir hönd Ísfélagsins, dags. 13.03.2018, um 148,9 m<sup>2</sup> viðbyggingu við vesturhlið frystihússins. Hafnarnefnd hefur fjallað um erindið með vísan til II kafla hafnarlaga nr. 61/2003 5. gr., og samþykkt það fyrir sitt leiti og vísað úrvinnslu til byggingarfulltrúa. Afgreiðslu á bókun umhverfis og skipulagsnefndar frá 32. fundi nefndarinnar hvar fjallað var um erindið var frestað á 79. fundi sveitarstjórnar.

**Samþykkt um afgreiðslu:** Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar ásamt og að staðfesta áður framlagða afgreiðslu umhverfis- og skipulagsnefndar.

Samþykkt samhljóða.

Siggeir tók sæti að nýju á fundinum.

### 4. Samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2019-2023

Lagt fram til kynningar.

### 5. Ársreikningar 2017 – fyrri umræða

Ársreikningur 2017 tekinn til fyrri umræðu. Farið yfir endurskoðunarskýrslu niðurstöður ársreiknings 2017 og lykiltölur.

Til máls tók Magnús Jónsson endurskoðandi KPMG og fór yfir ársreikning og endurskoðunarskýrslu fyrir árið 2017.

Til máls tók Elías Pétursson og fór yfir helstu niðurstöður ársreiknings.



Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2017 námu rekstrartekjur A og B hluta 863,0 m.kr. samanborið við 814,7 m.kr. á árinu 2016. Hækkun milli ára nemur 5,9%.

Rekstrargjöld A og B hluta, þ.e. laun og launatengd gjöld og annar rekstrarkostnaður námu 687,0 m.kr. á árinu 2017 en voru 686,5 m.kr. á árinu 2016. Hækkun frá fyrra ári nemur 0,1%.

Laun og launatengd gjöld voru 437,8 m.kr. árið 2017 samanborið við 430,2 m.kr. árið 2016. Hækkunin frá fyrra ári nam 1,8%.

Annar rekstrarkostnaður nam 249,7 m.kr. árið 2017 samanborið við 251,9 m.kr. 2016. Lækkun frá fyrra ári nam 0,9%.

Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) vegna ársins 2017 nam 176,1 m.kr. eða 20,4% af tekjum, en fyrir árið 2016 var hún 128,1 m.kr.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld lækka á milli ára. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur A og B hluta árið 2017 voru 32,4 m. kr. en voru árið 2016 alls 35,8 m.kr.

Rekstrarniðurstaða ársins 2017 er jákvæð um 94,6 m.kr. fyrir A og B hluta, en var jákvæð 41,1 m.kr. árið 2016, rekstrarniðurstaða er því 53,6 m.kr. betri en á fyrra ári.

Samkvæmt sjóðstreymisyfirliti ársins 2017 nam veltufé frá rekstri 153,4 m.kr. samanborið við 104,5 m.kr. á árinu 2016.

Skuldahlutfall A og B hluta Langanesbyggðar var í árslok 2017, 75% en var 87% í árslok 2016. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 má skuldahlutfall ekki vera hærra en 150%. Engin ný langtímalán voru tekin á árinu og lækkuðu langtímaskuldir við lánastofnanir um 66,4 m.kr. Eiginfjárhlutfall í árslok 2017 var 50,1% en var 43,7% í árslok 2016.

Sveitarstjóri fagnaði þeim frábæra árangri sem náðst hefði í að bæta fjárhagsstöðu Langanesbyggðar undanfarið og á kjörtímabilinu öllu. Einnig þakkaði sveitarstjóri starfsfólki sveitarfélagsins gott samstarf og ómetanlegt framlag við að ná þessum árangri.

Til máls tóku: Björn Guðmundur Björnsson. Magnús Jónsson veitti andsvar, Siggeir Stefánsson, Þorsteinn Ægir Egilsson, Hulda Kristín Baldursdóttir sem lagði fram eftirfarandi bókun N og L-lista:

Meirihluti N og L-lista lýsir yfir mikilli ánægju með þann gríðarlega árangur í fjármálastjórn sveitarfélagsins sem sjá má stað í framlögðum ársreikningi. Tekist hefur á þremur rekstrarárum að snúa rekstri sveitarfélagsins frá viðvarandi hallarekstri yfir í jákvæða rekstrarniðurstöðu, rekstrarniðurstöðu sem gefur sveitarfélaginu áður óþekkt tækifæri til framtíðar. Öflug rekstrarstjórn undanfarinna ára hefur m.a. gert sveitarfélaginu mögulegt að greiða niður skuldir sem efnt var til í taprekstri síðasta kjörtímabils. Á sama tíma hefur meirihlutinn staðið að þörfum framkvæmdum og uppbyggingu innviða. Meirihluti N og L-lista vill sérstaklega þakka sveitarstjóra, deildarstjóra og öðru



starfsfólki fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu sveitarfélagsins. Nú eru bjartir tímar framundan í Langanesbyggð.

Til máls tók Siggeir Stefánsson og óskaði eftir fundarhléi kl. 18:03. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 18:11.

Til máls tók Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi bókun fyrir hönd U-listans: U-listinn lýsir yfir ánægju sinni með niðurstöðu rekstrar Langanesbyggðar og bendir á að tekjur sveitarfélagsins hafa hækkað um 203 m.kr á síðustu 3 árum sem er ævintýralegt og aðalásæða þess að við sjáum þessa niðurstöðu í rekstri sveitarfélagsins. Ein ástæða þessa niðurstöðu er einnig að rekstri grunn og leikskóla á Bakkafirði var hætt. U listinn á eftir kynna sér betur ársreikning fyrir ár 2017.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn vísar ársreikningi 2017 til seinni umræðu.

Samþykkt samhljóða.

## 6. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir helstu mál sem í gangi hafa verið og ekki er getið sérstaklega hér að ofan:

Langanesvegur 2. Unnið hefur verið að útfærslu hugmynda, einnig var haldinn kynningarfundur með íbúum þann 16. apríl sl.

Breytingar og lagfæringar á íþróttamiðstöð. Verkefnið gengur vel og er reiknað með því að verklok verði á allra næstu vikum.

Leikskóli nýbygging. Búið er að grafa fyrir nýbyggingunni og vinna er hafin við uppslátt sökkla. Fyrsta steypa verður í vikunni og standa væntingar til þess að búið verði að steypa plötu í lok mánaðarins.

Varmadæluvæðing skólatorfu. Áfram hefur verið unnið að þróun verkefnisins og standa vonir til þess að hægt verði að kynna niðurstöður, þ.e. hönnun og lausnir, á næsta fundi sveitarstjórnar.

Til máls tók Siggeir Stefánsson. Elías Pétursson veitti andsvar.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:24.